

Mánudaginn 10. júlí 1989.

Nr. 253/1989. **Ásgeir Sigurðsson**

gegn

Níels P. Sigurðssyni

og

Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. júní 1989 með kæru 22. júní, sem hingað barst 26. júní, en vitneskju um úrskurðinn fékk sóknaraðili 9. júní.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð, dagsettri 10. júlí, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir skiptaráðanda að taka dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar til skiptameðferðar eða að endurupptaka skipti á dánarbúi hans.

Varnaraðili Níels P. Sigurðsson krefst staðfestingar úrskurðarins í greinargerð, sem dagsett er 7. júlí.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 6. júní 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 10. maí 1989.

Sóknaraðili, Ásgeir Sigurðsson, Ægissíðu 96, Reykjavík, gerir þær dómkröfur „aðallega, að tekið verði til skiptameðferðar db. Sigurðar B. Sigurðssonar, nnr. 7899-0600, en til vara, að skipti á dánarbúinu verði endurupptekin, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila“.

Varnaraðili, Níels P. Sigurðsson, Sólheimum 15, Reykjavík, krefst þess,

að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 18. febrúar 1969, var bú Sigurðar B. Sigurðssonar, nafnnr. 7899-0600, tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni hans sjálfs. Sigurður lést 17. október 1970, og var gjaldþrotaskiptum á búi hans þá ekki enn lokið. Höfðu þá verið lögð drög að því, að skiptunum yrði lokið með nauðasamningi. Skiptaráðandinn í Reykjavík lauk skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar sem eignalausú dánarbúi, enda höfðu eignir hans verið dregnar undir skipti þrotabús hans. Gerði skiptaráðandi sérstaklega grein fyrir þessari afgreiðslu dánarbúsins á skiptafundi í þrotabúinu 13. nóvember 1970, en á þeim fundi var frumvarp að nauðasamningi borið undir atkvæði kröfuhafa. Frumvarpið hafði þá verið til meðferðar fyrir skiptarétti Reykjavíkur um nokkurn tíma. Skiptafund þennan sótti Guðlaugur Þorláksson, og var bókað í skiptabókina, að hann væri umboðsmaður erfingja Sigurðar, en hann mun hafa haft með höndum undirbúning að gerð nauðasamningsins. Jafnframt var bókað í skiptabókina, að erfingjar hins látna „gangi inn í nauðasamningana sem aðilar í stað hins látna“. Nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt á þessum skiptafundi, og lauk þar skiptameðferð þrotabúsins.

Lögerfingjar Sigurðar B. Sigurðssonar voru eftirlifandi maki, Karítas Sigurðsson, og tveir synir þeirra hjóna, Ásgeir Sigurðsson og Niels P. Sigurðsson. Sigurður hafði ekki, svo að kunnugt sé, ráðstafað neinum eignum með erfðaskrá.

Karítas Sigurðsson lést 18. janúar 1978. Hinn 5. maí sama ár kom Niels P. Sigurðsson fyrir skiptarétt Reykjavíkur og gaf upplýsingar um eignastöðu búsins. Kvað hann búið algerlega eignalaust. Var þá bókað eftir honum í skiptabók, að „foreldrar hans“ hafi eftir framangreinda nauðasamninga átt hlutabréf í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr. Síðar hafi orðið að ráði, að honum, þ.e. Nielsi, var afsalað hlutabréfum þessum af tilteknum ástæðum.

Hinn 14. apríl 1982 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur fram komin beiðni um opinber skipti á dánarbúi Karítasar Sigurðsson. Voru þá skrifuð upp sem eignir búsins hlutabréf í ýmsum félögum. Umboðsmaður Ásgeirs Sigurðssonar í því þinghaldi lýsti þá þeirri skoðun umbjóðanda síns, að framangreind hlutabréf í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr., væru eign dánarbúsins, en því var mótmælt af hálfu umboðsmanns Niels P. Sigurðssonar. Var í þessu þinghaldi lögð fram yfirlýsing, dags. 5. maí 1977, en meginmál hennar er svohljóðandi:

„Ég undirrituð, frú Karitas Sigurðsson, Hávallagötu 22 í Reykjavík, staðfesti hér með, að sonur minn, Niels P. Sigurðsson sendiherra, Þýskalandi, er umráðamaður og eigandi allrar hlutafjáreignar minnar í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., að nafnverði 43.000,00 kr. — fjörutíu og þrjú þúsund krónur —.

Er yfirlýsing þessi staðfesting munnlegs samkomulags okkar frá 1972 þessa efnis, enda þótt það hafi ekki tekið formlega gildi fyrir en 1.1.1977.“

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Karítas Sigurðsson og Niels P. Sigurðssyni, en fyrir neðan er ritað: „Samþykki framangreint: Ásgeir Sigurðsson (sign.).“

Undir skipti á dánarbúi Karítasar Sigurðsson voru dregnar eignir, sem ýmist voru skráðar á hennar nafn eða nafn hins látna eiginmanns hennar, Sigurðar B. Sigurðssonar. Erfingjar hennar voru tveir áður nefndir synir þeirra hjóna. Komu þeir báðir fyrir réttinn til skýrslugjafar varðandi áðurgreinda hlutafjáreign í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar. Hinn 21. október 1982 var skiptafundur haldinn í dánarbúi Karítasar Sigurðsson, og lagði skiptaráðandi þá fram frumvarp að úthlutunargerð úr búinu. Samþykktu báðir erfingjar búsins frumvarpið þegar á þeim fundi, og var þá bókað í skiptabók, að frumvarpið yrði óbreytt lagt til grundvallar skiptagerð dánarbúsins.

Hinn 19. mars 1986 var skiptameðferð dánarbús Karítasar Sigurðsson enn tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur. Var þá m.a. bókað, að fáum dögum eftir skiptafundinn 21. október 1982 hefði lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar haft samband við skiptaráðanda þann, sem farið hafði með skiptin, og lýst því, að Ásgeir Sigurðsson hefði samþykkt frumvarp að úthlutunargerð vegna misskilnings og að hann sætti sig ekki við úthlutunina. Jafnframt hefði núverandi lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar alloft síðan óskað eftir, að skiptin yrðu tekin fyrir að nýju. Síðan lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni, að hann hefði enga heimild til að endurmeta þær dómsathafnir, sem þegar hefðu farið fram vegna skiptanna, heldur hefði aðilum verið nauðugur sá kostur að áfrýja skiptagerð búsins, ef þeir vildu ekki una henni. Með því að áfrýjunarfrestur hafi liðið, án þess að skiptagerðinni hafi verið áfrýjað, fari útlagning eigna búsins fram á grundvelli skiptagerðarinnar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar krafðist þess í þessu þinghaldi, að skiptin yrðu endurupptekin, þar sem Ásgeir hefði litið svo á, að úthlutunin hefði einungis átt að ná til hlutabréfa, sem engin deila hefði staðið um, en honum hefði skilist, að hann ætti eftir sem áður möguleika á að draga þau hlutabréf, sem deilt var um eignarrétt að, undir dánarbú móður sinnar. Vísaði skiptaráðandi til þess, sem áður hafði verið bókað í þinghaldinu um skiptameðferð á búinu, og synjaði um endurupptöku skiptanna ex officio.

Kvaðst lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar taka sér umhugsunarfrest um það, hvort þessi synjun yrði kærð til Hæstaréttar, en engin slík kæra barst frá honum í framhaldi af því.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 26. júní 1986, krafðist lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar yrði tekið til opinberra skipta. Vísaði lögmaðurinn þar til áðurgreindrar synjunar í þinghaldinu 19. mars 1986. Síðan segir í bréfi þessu:

„Ég tel samt, að ekki hafi mátt ljúka skiptum á dánarbúi Karítasar Sigurðsson án þess að ljúka skiptum á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar og að skiptum á dánarbúi Karítasar Sigurðsson hafi alls ekki verið fyllilega lokið. Til dæmis var alveg eftir að fjalla um aðaleignir þessara dánarbúa, hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf. Óhjákvæmilegt er að taka bú Sigurðar B. Sigurðssonar til skipta, enda þótt það þýði, að taka verði upp að einhverju leyti skipti á db. Karítasar Sigurðsson.“

Þessu bréfi svaraði skiptaráðandi með bréfi 9. júlí 1986. Er þar m.a. rakið, að við skipti á dánarbúi Karítasar Sigurðsson hafi komið fram, að hlutabréf þau í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf., sem Ásgeir Sigurðsson telji enn eign dánarbús föður síns, hafi verið framseld af móður hans með skriflegu samþykki Ásgeirs sjálfs. Ekki hafi verið bent á neinar eignir, sem tilheyri dánarbúum Sigurðar B. Sigurðssonar eða Karítasar Sigurðsson og ekki hafi þegar verið úthlutað. Meðan svo sé, muni ekki koma til frekari skiptameðferðar á þeim búum. Ekki var krafist úrskurðar um þessa synjun, og ekki var henni heldur skotið til Hæstaréttar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar skrifaði skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dagsett 9. mars 1987, þar sem spurst var fyrir um skipti á þrotabúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Svar við þessu erindi fékk lögmaðurinn með bréfi, dagsettu 21. október 1987.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar ritaði skiptaráðanda bréf 7. mars 1988, þar sem hann krefst þess enn, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekið til skipta eða að skipti á því verði endurupptekin. Er þessi beiðni rökstudd með því, að Ásgeir Sigurðsson hafi ekki vitað fyrr en með bréfi skiptaráðanda, dagsettu 21. október 1987, hvaða afgreiðslu dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar hafi fengið á sínum tíma. Hafi sú afgreiðsla ekki verið lögleg. Um þetta segir m.a. í bréfinu: „...skipta hefði þurft eignum dánarbúsins, sem m.a. voru hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf., en þau voru að handveði hjá Landsbanka Íslands fyrir skuldum Sigurðar B. Sigurðssonar. Með nauðasamningunum hefðu hlutabréfin átt að afhendast aftur eiginanda.“ Þetta erindi var áréttað með bréfi lögmannsins, dagsettu 17. ágúst 1988, jafnframt því sem þess er þar getið, að hann hafi nú fengið upplýsingar um, að á tiltekinni málflutningsskrifstofu hér í borg séu ýmis gögn varðandi málefni Sigurðar B. Sigurðssonar.

Hinu síðastgreinda erindi svaraði skiptaráðandi með bréfi, dagsettu 3. október 1988, og synjaði um endurupptöku skiptanna. Af hálfu Ásgeirs Sigurðssonar var sú synjun kærð til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá með dómi, upp kveðnum 23. nóvember 1988. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„...Sóknaraðili hefur ekki krafist formlegs úrskurðar um kröfur sínar. Öðrum, sem hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um endurupptöku á skiptum bús Sigurðar B. Sigurðssonar, hefur ekki verið veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Ekki liggur fyrir, að skiptaráðandi myndi synja kröfu um úrskurð. Meðan ekki hefur verið synjað um slíkan úrskurð eða hann liggur ekki fyrir, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.“

Með bréfi, dags. 30. desember 1988, fór lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að tekin yrði til sérstakrar „meðferðar í úrskurðarmáli“ krafa hans um, að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekið til skipta eða að skipti verði endurupptekin. Var boðað til þinghalds í skiptarétti Reykjavíkur vegna þessarar beiðni, og sótti lögmaður þing af hálfu Niels P. Sigurðssonar, en ekki er vitað til, að aðrir kunni að eiga hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Í því þinghaldi var rekstur máls þessa ákveðinn, og var það þingfest 21. febrúar 1989.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 14. mars 1977, krafðist Gjaldheimtan í Reykjavík þess, að bú Ásgeirs Sigurðssonar, sóknaraðila máls þessa, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi krafa var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 22. apríl 1977, og með úrskurði réttarins, upp kveðnum 24. júní sama ár, var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 20. júní 1980 var uppskrift á þrotabúi hans tekin fyrir í skiptaréttinum. Kom hann þá fyrir réttinn og kvaðst ekki eiga neinar eignir og ekki hafa átt, er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptameðferð búsins lauk 24. júní 1980 með vísan til 33. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 25/1929, þar sem engar eignir fundust í búiinu.

III.

Kröfur sóknaraðila eru á því reistar, að aldrei hafi farið fram lögleg skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, og eigi hann löglegt tilkall til þess, að skipti fari fram eða verði endurupptekin. Telur hann, að af hálfu skiptaráðanda hafi verið sniðgengin ákvæði I. og II. kafla skiptalaga, nr. 3/1878, þegar bú Sigurðar B. Sigurðssonar var til meðferðar haustið 1970. Bendir sóknaraðili á í því sambandi, að skiptaráðandi hafi ekki boðað erfiðingja á sinn fund og látið hjá líða að rannsaka raunverðmæti dánarbúsins. Þá hafi skiptaráðandi framselt Guðlaugi Þorlákssyni eignir búsins, án þess að sá hefði til þess skriflegt umboð, eftir því sem best sé vitað. Skiptalok hafi ekki verið með neinum þeim hætti, er skiptalög bjóða, og vísar sóknaraðili í því sambandi til 3. kapitula skiptalaga, nr. 3/1878.

Sóknaraðili hafi aldrei fengið að vita, hvernig skiptum á dánarbúi föður síns hafi verið háttað, fyrr en það var upplýst með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 21. október 1987. Eftir móttöku þess hafi sóknaraðili sett fram kröfu um skipti eða endurupptöku skipta á dánarbúinu, sem hafi verið synjað. Þrátt fyrir það að skiptum á dánarbúi Karítasar E. Sigurðsson kunni að vera lokið, girði það ekki fyrir, að skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar verði tekin upp, enda hafi Karítas aldrei fengið leyfi til setu í óskiptu búi, og við skipti á dánarbúi hennar hafi ekki verið fjallað um dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar eða hver hafi orðið afdrif þess.

Sóknaraðili kveður nauðasamninga við kröfuhafa Sigurðar B. Sigurðssonar hafa falið í sér, að þeim hafi verið greidd u.þ.b. 47% af fjárhæð krafna. Meðal eigna búsins hafi verið talin hlutabréfin í Ásgeiri Sigurðssyni hf. á nafnverði, en raunverðmæti þeirra hafi verið margfalt nafnverð, enda engin jöfnun farið fram um árábil og fyrirtækið stöndugt.

Sóknaraðili kveður varakröfu sína á því reista, að verði skipti talin hafa farið fram á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, beri að endurupptaka þau, ef nýjar eignir koma fram eða ef ekki hefur öllum eignum verið skipt. Byggir sóknaraðili á því, að slík endurupptaka sé heimil samkvæmt lögjöfnun frá 131. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, sbr. og 45. gr. skiptalaga, nr. 3/1878.

Sóknaraðili telur, að hann hafi ekki fyrirgert rétti sínum til að gera kröfu um skipti á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, með því að hann kærði ekki til Hæstaréttar synjun um endurupptöku skipta á dánarbúi Karítasar Sigurðsson. Þegar hann hafi staðið frammi fyrir því álitafni, hvort hann ætti að kæra þá synjun, hafi ekki legið fyrir upplýsingar, sem nú liggja fyrir, um dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar, þ.e., hvernig farið hafði verið með búið og eignir þess. Sé það ósanngjarnt, að einn erfingi geti þannig öðlast miklar eignir á kostnað annars með ólögmætri skiptameðferð af hálfu skiptaráðanda og með því að gefa rangar upplýsingar um eignir.

Sóknaraðili telur skýringar varnaraðila á því, hvernig hann hafi fengið umrædd hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf. til eignar, vera mótsagnakenndar, og megi af þeim ráða, að yfirlýsingin frá 5. maí 1977 hafi verið mála-myndagerningur eða gerð á „fölskum forsendum“. Þarna hafi verið ráðstafað eign frá dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, og ráðstöfunin hafi verið óheimil, nema því aðeins að samhliða hefði verið gengið frá skiptum á dánarbúi hans og erfðafjárskattur verið greiddur. Ekkjan hafi ekki setið í óskiptu búi og hafi því ekki haft ráðstöfunarrétt yfir hlutabréfunum.

Í greinargerð sóknaraðila segir m.a., að þegar yfirlýsingin frá 5. maí 1977 var gerð, hafi „ekki verið búið að kveða upp gjaldþrotaúrskurð á kæranda, en hins vegar var búið að biðja um gjaldþrotaskipti, og krafa hafði verið lögð fram í skiptarétti, og var varnaraðila um þetta kunnugt svo og öðrum

nákomnum kæranda“. Enn fremur segir þar, að yfirlýsingin hafi verið samin af varnaraðila og lögmanni hans. Varnaraðili sé löglærður og hafi þrýst á, að þessi yfirlýsing yrði undirrituð.

IV.

Varnaraðili telur engin efni standa til þess, að kröfur sóknaraðila um skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar verði teknar til greina. Þegar Sigurður féll frá 17. október 1970, hafi gjaldþrotaskiptameðferð á búi hans ekki verið lokið. Hins vegar hafi verið leitað nauðasamninga, meðan skiptameðferð búsins stóð yfir, og þegar Sigurður lést, hafi verið tilbúið frumvarp til nauðasamninga. Hafi ekkja Sigurðar og synir þeirra hjóna, aðilar máls þessa, leitað eftir að fá að ganga inn í nauðasamningana í stað Sigurðar heitins. Hafi sú ósk þeirra verið samþykkt, um leið og nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt. Þar sem allar eigur Sigurðar heitins höfðu verið dregnar undir skipti á þrotabúi hans, hafi dánarbú hans að sjálfsögðu verið eignalaust, og hafi skiptalok þess verið í samræmi við þá eignastöðu búsins, svo sem lög geri ráð fyrir. Visar varnaraðili í því sambandi til ákvæða II. kafla laga nr. 19/1924, um nauðasamninga, einkum 27. og 28. gr., og III. kafla skiptalaga, nr. 3/1878, einkum 49. gr., sbr. 42. gr.

Varnaraðili telur alla fresti sóknaraðila til athugasemda eða áfrýjana vegna loka skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar vera löngu liðna.

Varnaraðili telur, að ekki geti komið til frekari skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar, nema því aðeins að fram komi eignir, sem ekki hafi verið vitað um eða tekin afstaða til við upphaflega meðferð búsins fyrir skiptarétti. Þessari forsendu sé ekki til að dreifa.

Í greinargerð varnaraðila er upplýst, að þau hlutabréf, sem hann fékk framseld með yfirlýsingunni 5. maí 1977, hafi hann síðar framselt.

V.

Við aðalmeðferð máls þessa gaf sóknaraðili munnlega skýrslu í máli þessu.

Svo sem rakið var í II. kafla hér að framan, stóðu yfir gjaldþrotaskipti á búi Sigurðar B. Sigurðssonar, er hann lést 17. október 1970. Sá skiptaráðenda, er fór með skipti á þrotabúinu, afgreiddi dánarbú hans sem eignalaust og gerði kröfuhöfum þrotabúsins grein fyrir þeirri afgreiðslu á skiptafundi 13. nóvember 1970. Verður ekki annað séð en sú afgreiðsla dánarbúsins hafi verið í fullu samræmi við ákvæði 10. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, enda var skiptaráðandi í þrotabúi Sigurðar Sigurðssonar sá aðili, sem átti að hafa gleggsta vitneskju um eignastöðu hans. Sætti þessi afgreiðsla á

dánarbúinu engum andmælum af hálfu neins þeirra, sem hagsmuna áttu að gæta, fyrr en sóknaraðili hófst handa um kröfugerð um endurupptöku skiptameðferðarinnar. Er því ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að dánarbú varnaraðila hafi enga lögmæta skiptameðferð fengið.

Skiptum á dánarbúi Karítasar Sigurðsson lauk með úthlutunargerð í opinberum skiptum. Undir þau skipti féllu ýmsar eignir, sem skráðar voru á nafn Sigurðar B. Sigurðssonar og ekki var um deilt, að ekkjan hafði eignast. Við upphaf skiptameðferðar á dánarbúi Karítasar Sigurðsson 14. apríl 1982 var yfirlýsingin frá 5. maí 1977 lögð fram að viðstöddum lögmanni sóknaraðila máls þessa. Lýsti lögmaður sóknaraðila þá yfir því, að hann héldi fast við þá kröfu, að hlutabréfin, sem yfirlýsingin tekur til, „verði talin eign dánarbúsins“. Uppskrift á dánarbúi Karítasar Sigurðsson var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur, og kom Ásgeir Sigurðsson, sóknaraðili máls þessa, fyrir réttinn til skýrslugjafar um tilurð yfirlýsingarinnar. Var þá bókað eftir honum, að á þeim tíma, er hann undirritaði yfirlýsinguna, hefði hann átt við mikla óreglu að stríða og óreiða verið á fjármálum sínum. Hafi hann verið búinn að missa megnið af eignum sínum vegna „óráðsú og vitleysu“. Hafi bróðir sinn, varnaraðili máls þessa, þá stungið upp á því, að hann tæki að sér að annast hlutafjáreignina í Ásgeiri Sigurðssyni hf. til að koma í veg fyrir, að hún færi „í súginn“ eins og aðrar eignir Ásgeirs. Jafnframt hafi þeir gert með sér samkomulag um, að Ásgeir fengi hlutabréf „sín“ í hendur, ef honum tækist að rífa sig upp úr óreglunni. Það hafi þó ekki gerst, er eftir því var kallað. Við skiptameðferð dánarbús Karítasar Sigurðsson gerði sóknaraðili máls þessa engan reka að því að fá umrædd hlutabréf eða andvirði þeirra dregin undir skipti á búinu, en slíkt gat samkvæmt 35. gr. skiptalaga aðeins gerst með málsókn fyrir almennum dómstóli, þar sem Karítas Sigurðsson hafði ráðstafað bréfunum í lifanda lífi á þann hátt, að bindandi var fyrir hana sjálfa.

Í aðilaskýrslu sinni í máli þessu ítrekaði sóknaraðili efnislega framan- greinda frásögn um tilganginn með gerð yfirlýsingarinnar. Verður sú frásögn hans ekki skilin á annan veg en þann, að yfirlýsingin hafi af hans hálfu verið hugsuð sem málamyndagerningur, gerður til þess að koma í veg fyrir, að réttur sóknaraðila til hlutdeildar í umræddum hlutabréfum yrði dreginn undir yfirvofandi gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila sjálfs. Kemur það heim og saman við skýrslu sóknaraðila við uppskrift á þrotabúi sínu, er hann lýsti bú sitt algerlega eignalaust. Krafa sóknaraðila um skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar til þess að fjalla um skiptingu á verðmætum, sem skotið hafi verið undan skiptum á þrotabúi sóknaraðila, á ekki heima fyrir dómstólum, og verður henni samkvæmt meginreglu 66. gr. laga nr. 85/1936 ekki sinnt.

Ekki er í skiptalögum að finna bein fyrirmæli um það, við hvaða

aðstæður taka beri upp skipti á dánarbúum. Þó er í 2. mgr. 45. gr. laganna ráðgert, að skipti verði tekin fyrir að nýju, ef hinn látni hefur átt óvissa kröfu eða arf inni í óskiptu dánarbúi. Nokkur dómafordæmi er þó við að styðjast, þar sem mælt hefur verið fyrir um endurupptöku skiptameðferðar, sem fram hefur farið. Hefur endurupptaka verið heimiluð við þær aðstæður, að fram hafa komið eignir, sem fyrri skiptameðferð hefur ekki náð til, eða tilteknir erfingjar hafa ekki tekið þátt í skiptameðferð, sem fram hefur farið.

Af hálfu sóknaraðila hefur ekki verið bent á neinar þær eignir, sem nú geti komið til skipta eftir föður hans, Sigurð B. Sigurðsson, og hann hefur ekki fært að því haldbær rök, að nú beri að taka dánarbú hans til skiptameðferðar af öðrum ástæðum. Verður kröfum hans í málinu því hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna mikils annríkis dómarans að undanfögnu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Ásgeirs Sigurðssonar, er hafnað.
